

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1986

1. júlí 1986

629

Nr. 327

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Nemendur eftirtalinnna sérskóla eiga enn fremur rétt á aðstoð úr Lánasjóði íslenskra námsmanna skv. almennum reglum sjóðsins:

Fiskvinnsluskólinn 2. og 3. ár

Fósturskóli Íslands

Iðnskólar, framhaldsdeildir

Íþróttakennaraskóli Íslands

Leiklistarskóli Íslands

Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Stýrimannaskólar

Tónlistarskólar: Tvö síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og iðnfræðinám

Vélskólar

Proskapjálfaskóli Íslands

2. gr.

21. gr. stafliður a) orðist svo:

Framfærslukostnaður á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis. Sjóðsstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.